Tilskipun
um
Frihеit
Kaupstadanna
á Islandi.

Christiánsborgar-Sloti, þann 17da. Novembr. 1786.

Kaupmannahafn.
Prentud hiá Direktóri P. M. Hopffner, Hans Konúnglegu Hátignar og Háskólans fyrsta Bókpryckiara.

Sier Christian enn Sigvndi med Guds Miskunn

Dannmerkur, Noregs, Vinda og Gauta Konungr, Hertogi Slesvikur, Holsetulands, Stormæris, Pettmerskis og Alldinborgar; Géfum øllum til vitundar: At þared Vér med Vorri allramilldustu Auglýsingu: um Lausn ennar Islendsku Kaupþvndlunar, útgéfinni þann 18da Augusti næztlidna, veitt hofum þessum 6 Hofnum á Voru Landi Islandi: Reykiavík, Vestmanna-eyum, Eskifirdi, Eyafirdi, Skutuls- edr Isa-firdi og Grundarfirdi Kaupstada Rétt og þvílíkt Frelsi, sem Vér allranádarsamlegazt auglýsa myndum med frekari Fyrirskipan hérum, er sérílagi yrdi útgéfin; þá vilium Vér nú med þessu Voru opna Bréfi allranádarsamlegazt skipat og ágvedit hafa, sem fylgir:

1.

Øllum þeim, sem medkénna christilega Trú, skal í þessum Kaupstodum veitaz fullkomit Umburdarlyndi, og leyfaz frialst og óhindrud Gudsþiónustugiord, til hverrar jafnvel þeir Reformerudu, eptir ásigkomulagi, vænta megu leyfis til Kirkiubyggíngar.

2.

Borgarar Kaupstadanna megu i 20 ár fríteknir vera fyri manntals-skatti, tolli og odrum útlátum til Ríkisins þiónustu, og skulu því einúngis bera almenn naudsynia þýngsli, sialfum Býnum til nota.

3.

3.

Borgarar Kaupstadanna megu og ásamt ödrum Innbyggéndum Landsins frítéknir vera fyri þeim ¼, sem borgaz í skatt fyrir hvert hundrad af þeim penínga summum, er þeir setia kunna út uppá rentu; líka og fyri því at brúka stimpladann pappír.

4.

Þann part af Lanz-lódinni, sem vidþarf til sérhvers Kaupstadar, og adrir eigu, má á Vorn Kostnad kaupa af eigendunum, og hinn, er Vér eigum, má allranádarsamlegazt gefaz til sömu þarfa, þegar fyrst er búit at mæla plátzit, og ágvarda med giord einni þarum, er sídan skal hingat senda; og má bædi norskt timbr, og annat Byggíngar-efni til fyrsta tilbúnadar Kaupstadanna á Islandi frítekit vera fyrir útfærslu-tolli frá Dannmörku, Norvegi, og Furstadæmunum, og eins innfærslu-tolli á Islandi. Líka megu þeir, sem vilia taka sér bólfestu, og byggia hús í ennum íslenzku Kaupstodum, auk þessa vænta sér frekari hiálpar eptir kríngumstædunum.

5.

Byggínga-stædunum skal gefins útskipta, á þann hátt, at þau séu eigi ofnáin hvert odru, og at plátz nokkurt til lítils jurtagards géti, ef mogulegt er, fylgt sérhverju húsi.

6.

Hverium þeim, sem beidiz af Stadarins yfirvalldi, skal gefins veita Borgara-rétt; þó skal hann láta nafn sitt skrifa i Borgarabókina, og sverie sídan Borgara-eid; og skal yfirvalld Stadarins til merkis hérum veita honum Borgara-bréf, er eingu borgiz, nema einúngis med veniulegum skrifara-launum.

7.

Hit sama skal eins gillda um hvern þann framanda, er koma kynni til landsins til þess at taka sér bólfestu í Stodunum; þó skulu

)(2 þeir,

Þeir, undireins og þeir koma til landsins, géfa þat tilkynna, og sveria Ofs-hollustu-eid, séu þeir eigi ádr þegnar Vorir; og skal slíka framandi úr því álíta, sem þá, er med Borgara-bréfinu odlaz hafi iafnann rétt med innfæddum þegnum Vorum.

8.

Sú peninga summa, sem tiltekin er í Innfædingarréttinum, at framandi hlióti med sér at flytia, og brúka í enum Donsku Skattlondum, til þess at odlaz inulendra rétt, skal einúngis vera 3000 Rdlir fyrir þá, sem vilia taka sér bústad í íslendskum Kaupstodum, og þeir framandi, sem þar búa, skulu siálfir ásamt bornum sínum, hvert sem þau eru med foreldrunum adkomin, eda fædd í landinu, eiga sama rétt, sem innfæddir, í ollum Vorum Ríkium og londum.

9.

Hverr og einn, er bólfestu tekr í einhverium Kaupstad á Islandi, má aptr flytia sig þadan, án nockurs túndar-álags edr afdráttar af fémunum hanns, hvert sem hann dvaliz hefir lánga edr stutta hríd þar í landi.

10.

Ásamt Borgara-réttinum odlaz sérhverr Borgari fullann rétt til at stunda allshátar Kaupstada-næríngu; þó megu Handverksmenn eigi hafa kaupverslun adra í frammi, enn tilgreint verdr í eptirfylgiandi 16da pósti; somuleidis skal brennuvíns-brenzla olldúngis bannud vera, og eins Géstá-veitíngar, nema med sérligu Amtmanns-leyfi.

11.

Sérhverr Borgari í Stodunum má hafa rétt til at kaupa sér svo mikit jardagótz á Islandi, sem hann vill og gétr, hver hellzt trúarbrogd hann hafa kynni.

12.

Þarfir Handverksmenn megu vænta sér hæfilegra Nádar-veitínga, vilie þeir setiaz ad í Stodunum, og eins megu þeir vænta hérum frekari skírslu hiá hlutadeiganda Collegio.

13.

13.

Sérhverr Handverksmádr má eiga fullann rétt til at stunda handverk sitt, sem Meistari í Stodunum, og ef nockurr útlærdr sveinn, setr bú sem meistari í einhverium íslendskum Kaupstad, megu þeir, sem læra út hiá honum, allann sama rétt eiga í ödrum Skattlondum Vorum, sem ágvardat er um ena minni Kaupstadi í tilliti til Vors Konúnglega Adsetu-stadar Kaupmannahafnar.

14.

Alldrei má stipta nockurt Handverks-félag á Islandi; enn sá er þar setr sig nidr sem Meistari, skal eckert annat þarfyri giallda fyrst um sinn, medan Frúmar árin vara, enn þat, sem Borgara-bréfit kostar eptir fyrifaranda 6ta pósti.

15.

Svo morgum af þessara Kaupstada-Borgurum, sem girnaz, má leyft vera, fyrst um sinn í 20 ár, at stofna minni Kaupverslun, sem Utbúdamonnum, í þeim hérodum, er liggia undir sérhvern Kaupstad, hafi þeir fyrst unnit Borgara-rétt til kaupskapar, og séu vel byrgir af naudsynia varníngi; og megu þeir sídan kaupslaga eigi einúngis vid hvern útbúda- edr kaupstad, þeir hellzt vilia, helldr og útvega sér beinleidis heim til sín varnings-farma, hvadan sem þeir vilia úr Vorum Ríkium og londum, og aptr útsenda Skipsfarma hvert á land þeim haganlegt virdiz, gæti þeir at eins þess, sem almennt er fyrirskipat um alla adra verslunarmenn í landinu.

16.

Þeir einir Kauphondlendr, sem eru Kaupstada-borgarar, skulu eiga rétt til at selia innfærslu-varníng vid þá Markna-i, er máské med framtídinni ástofnadir verda á Islandi; þó er og þeim Handverksmonnum, er búa í Kaupstodunum, sama réttar unnt á þeirra egin smídisgripum og vinnu; og skal sérhverium Innbyggianda á Islandi í sialfs valldi standa, at hafa skipti sín í kaupum og solum, eigi einúngis vid hvern Kaup- edr útbúda-stad, hann sialfr vill, helldr og einnig vid þau skip, er einúngis koma til landsins í veidi-vændir, hvored fyrst leggia skulu til einhvers Kaupstadar, en séu þó eigi skylld til at

afferma þar né ferma, né helldr borga nockurn kostnad, og megu þoí, ef varníngr þeirra géngr eigi út í Kaupstodunum at óskum, strax og þau skilat hafa varnings-registri sínu, sigla þadan til hverrar hafnar þau vilia, og liggia þar í 4 vikur, á hverium tíma hverreinn landbúi má kaupa at þeim naudsyniar sínar til fædslu og biargræðis nota eptir þorfum, og líka selia þeim varníng sinn.

17.

Verla-réttr skal og í þessum Kaupstodum gillda, eins og um hann finzt ágvardat í Norsku logum og þarad lútandi syriskipunum.

18.

Hlútadeigandi Sýslumenn megu fyrst um sinn halldá lagastiórn yfir þessum Stodum, sem þó vona megu, at fá sín eigin Stadar-yfirvolld, þegar Stiptamtmadrinn og Amtmadrinn áviía, at þeir magniz svo, at þessa gioriz þorf.

19.

Frá Kaupstadanna yfirvolldum má eptir veniu appéllera til Logþíngis- og Yfir-réttarins; þó má, til þess at stytta málasóknir í kaupskapar-málum, leyfaz auka-logþíng, ef þorf krefr.

20.

Kaupstada-mønnum skal og leyft vera, at beidaz einhvers sérlegs Vopnamerkis og Stadar-innsiglis, undireins og þeim veitaz egin Stadar-yfirvolld.

21.

Hérod þau, er liggia eigu undir hvern Kaupstad, skulu þessi: 1) Undir Reykiavíkur-Kaupstad í Sudrlands-fiórdúnginum: Gullbríngu-, Kiósar-, Borgarfiardar- og Mýra-sýslur allt at Hýtará. 2) Undir Vestmanneya-Kaupstad í sama Lands-fiórdúngi: Arness-, Rángárvalla-, Vestmanneya- og Vestri Skaptafells-sýslur. 3) Undir Eskifiardar-Kaupstad á Austrlandi: Eystri Skaptafells-sýsla, ásamt sydri og nyrdri Múla-sýslum. 4) Undir Eyafiardar- edr Akreyrar-Kaupstad á Nordrlandi: þær 4 Nordrlands sýslur, nefnilega Þíngeyar-, Vadla-, Hegraness- og Húnavatns-sýslur. 5) undir Skutuls- edr Isa-fiardar-Kaupstad á Vestrlandi: Stranda- og Isafiardar-sýslur,

ásamt

áſamt parti af Bardaſtrond, frá takmorkum Iſafiardar-ſýſlu allt at Biarnarnúpi. Og 6) undir Grundarfiardar-Kaupſtad í ſama Landsfiórdúngi: allt hitt af Bardaſtrond, áſamt Dala-, Snæfells-neſs- og Hnappadals-ſýſlum, allt ad Hýtará.

Fyribiódandi einum og ſérhverium þeſsu, ſem hér at framan ſkrifat finzt, at vera til hindrunar edr á nockurn hátt ama at ſýna, ſvo framt þeir hallda vilje Vorri hollustu og nád. Géfit á Voru Sloti Chriſtiánsborg í Vorum Konúnglega Adſeturs Stad Kaupmannahofn þann 17. Novembr. 1786.

Undir Vorri Konungligu Hendi og Innſigli.

Chriſtian R.

Schack Rathlou.

Luxdorph. P. Aagaard.